

Stjórnarfundur Geðhjálpar 12.01.2017

Mættir: Hrannar, Anna Gunnhildur, Þórður, Védís, Bergþór, Sveinn Rúnar og Halldóra.

- 1. Yfirferð fundargerðar síðasta stjórnarfundar, undirskriftir (RR).**
Fundargerðin lesin upp og samþykkt (HP).
- 2. Fjárhagsáætlun ársins 2017 (HJ).**
Fundarmenn kynntu sér áætlunina og lýstu yfir ánægju með gott svigrúm til verkefna á næsta ári.
- 3. Fjárhagslegur stuðningur við þróun bataskóla (HP).**
Samþykkt að Geðhjálpar myndi styrkja Bataskólann um tvær milljónir og eina til viðbótar ef ekki fengist styrktarfé frá sjálfstæðum sjóðum.
- 4. Miðlun – styrktarfélagasöfnun (HJ, AGÓ).**
Samþykkt að Miðlun safni 1.000 nýjum styrktarfélögum og sækist eftir hækkun á framlagi frá 200 stuðningsfélagum um 700 kr. að meðaltali.
- 5. Dagsetning aðalfundar – stjórnarskipti (HJ).**
Samþykkt að halda aðalfund 18. mars 2017. Fundarmenn ætla að líta í kringum sig eftir álitlegum frambjóðendum í stjórn.
- 6. Svar ÖBÍ við fyrirspurn um almenna styrki (ÞI).**
Farið yfir svar ÖBÍ og lista yfir almenna styrki síðustu fjögur ár. Fram kom gagnrýni á að ekki væri gerð skýr grein fyrir verkefnum á listanum.
- 7. Fréttaflutningur í tengslum við fólk með geðræn veikindi, lyfjamál o.fl. (HJ).**
Fram fór umræða um fréttaflutning og stungið upp á að bjóða fjölmiðlafólki upp á fræðslu hjá Geðhjálpar.
Framkvæmdastjóra var falið að skoða skilmála tryggingarfélaganna með hliðsjón af dæmi um skilmála þar sem geðraskanir eru settar í flokk með lífsstílsjúkdómum og halda málin áfram.
- 8. Viðburðardagskrá (HJ).**
Umræður um hvort frekar ætti að halda málþing um ofnotkun lyfja heldur en geðheilsu barna í vor. Fundarmenn ætla að velta fyrir sér hugmyndum að smærri viðburðum.
- 9. Önnur mál:**
Umræður um bataskóla, fræðslu um *Housing first* í Kanada og námskeið um réttindi fólks með geðraskanir innan Samnings Sameinuðu þjóðanna á Írlandi næsta sumar.

Fundi slitið kl. 18:55.